

## Umsögn um Þingskjal 1478-946 mál Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum.

### 4.gr frumvarps

Í 5gr. Lið d segir: Við 4.mgr bætast tveir nýjir málsliðir og kveður sá fyrri á um að lögreglustjóri geti þrátt fyrir a-og b lið heimilað innflutning á hálfsjálfvirkum skammbyssum og hálfsjálfvirkum rifflum til íþróttaiðkunar.

Þá segir í greinargerð, kafla 1.inngangi: Hagsmunir veiðimanna verða áfram tryggðir og áfram verður undanþága frá meginreglunni þegar um er að ræða innflutning á vopnum vegna íþróttaskotfimi.

Af þessum lestri er augljóst að innflutningur á hálfsjálfvirkum skammbyssum, hálfsjálfvirkum haglabyssum og hálfsjálfvirkum rifflum verði með óbreyttum hætti til veiða og íþróttaiðkunar en lokað verði á innflutning á sambærilegum byssum til söfnunar nái frumvarp þetta fram að ganga.

Hér teljum við grófa mismunun á ferðinni ef veita á undanþágur frá innflutningabanni vegna ástundunar á einu áhugamáli en ekki öðru, því það eiga þessi áhugamál, veiðar, söfnun og íþróttaskotfimi sameiginlegt að það þarf byssur til að leggja stund á þær og augljóst að hvorki jafnræðis né meðalhófs sé hér ekki gætt.

Ekki verður heldur séð hver rök liggja að baki því að hafa ekki heimild í lögum til innflutnings safnvopna. Það hafa ekki hafa komið upp nein atvik þar sem safnvopn koma við sögu heldur hafa þau vopn sem við sögu hafa komið í atvikum á síðustu árum verið á öðrum leyfum en safnaraleyfi og því erfitt að sjá hvað ástæður liggja að baki þessum hugmyndum.

Eins og fram kemur 2 kafla, Tilefni og nauðsyn lagasetningar, lið 2.3 má rekja mikið af þessum atvikum sem upp hafa komið til þess að skotvopn hafa komist í hendur einstaklinga sem ekki hafa tilskilin réttindi og er það rakið til ágalla í skráningu og eftirliti, sem og ágalla í vörslu skotvopna. Þessar tvær megin rætur vandamála ættu að komast til betri vegar þegar skráning er nú orðin rafræn og skilyrt verður að eiga skáp við fyrstu byssu.

Í öðrum atvikum sem upp hafa komið hefur hreint og klárt verið um að ræða skotvopn sem eru ólögleg með öllu og á engan hátt hægt að flokka sem safnvopn.

Í þessu tilefni verður að áréttu að reglur um vörslu á safnbyssum eru mikið strangari en þær reglur sem eigendur skotvopna í öðrum flokkum þurfa að gangast undir og því ekki nokkur sjáanleg rök fyrir innflutningsbanni á safnbyssum.

### 11.gr. frumvarps

Breytingar á 13.gr laga, í fyrsta lið 3.mgr. er íjallað um nýjan flokk skotvopnaréttinda, C-flokk, þar sem loftbyssur sem áður voru í D-flokki verða eftir tilkomu þessara laga.

Þetta er tímabær breyting og af hinu góða, þetta færir okkur nær mörgum nágrannalöndum okkar þar sem loftvopn eru jafnvel ekki leyfisskyld heldur einungis bundin aldurstakmörkum sé afl þeirra undir ákveðnum mörkum. Þessi breyting gerir þeim sem iðka vilja íþróttagreinar þar sem loftbyssur eru notaðar auðveldara fyrir, sem er gott. Eðlilegra hefði þó verið að setja loftbyssur settar í A-flokk til að létta enn frekar fyrir íþróttaiðkun með þeim.

Í 5.mgr. 2.lið 13.gr. segir:

Heimilt er samkvæmt leyfi lögreglustjóra að nota slík safnvopn á ákveðnum svæðum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Hér mætti bæta við eftirfarandi: og skal lögreglustjóri veita slíka notkunarheimild þegar um er að ræða mót eða samkomu fyrir slík vopn sem haldin eru á vegum skotfélaganna í landinu á þeirra starfssvæðum, sem og að fengnu samþykki viðkomandi skotfélags sé sótt um notkunarheimild utan slíkra móta.

Það er alveg ljóst að megin tilgangur söfnunar er söfnunin og sagan sem þessum gömlu byssum fylgir en einnig er eðlilegt eigendur slíkra gripa langi að nota þá af og til.

Það þarf að vera möguleiki á að eigendur safnvopna geti notað þau, kjósi þeir að gera það, og teljum við því æskilegt að slík heimild sé tryggð í lögum en ekki alfarið sett undir reglugerð ráðherra sem getur þá verið breytileg eftir því hver ráðherrastólinn vermir en um leið er ekki óeðlilegt við að slík notkun sé háð skilyrðum svo sem fjölda skipta sem hægt er að fá slíkt leyfi fyrir hvert vopn á ársgrundvelli sem og að leita þurfi samþykkis viðkomandi skotfélags fyrir að slík notkun fari fram á þeirra starfssvæði.

### 20.gr. frumvarps

Hér segir: Skotvopn í eigu skotfélaga skulu að auki vera varðveitt í húsnæði sem er búið þjófavörn og vaktað af öryggisfyrirtæki. Hið sama á við um safnvopn.

Krafan um vöktun öryggisfyrirtækis í þessu tilliti er verulega vanhugsuð þar sem slíkt er ekki í boði nema á hluta landsins. Hér ætti að vera valkostur milli þess að hafa vöktun af öryggisfyrirtæki eða vöktun með einka öryggiskerfi sem væri búið myndavélum með upptöku.

Í þessu tilliti skýtur einnig mjög skökku við að þurfa öryggiskerfi ef viðkomandi á eina safnbyssu en hægt sé að eiga 50 eða jafnvel 100 byssur sem skráðar eru á önnur leyfi án kröfu um þjófavörn/öryggiskerfi.

Það er því sem dæmi hægt að eiga 5 skammbyssur á D-leyfi án þess að hafa öryggiskerfi en ekki 5 skammbyssur á safnaraleyfi og er erfitt að sjá hvar munurinn á þessu tvennu liggur.

### Lokaorð.

Við safnara teljum þá þætti frumvarpsins sem að okkur snúa vera aðför að okkar möguleikum til að stunda okkar áhugamál, og það að ósekju, því eins og áður hefur verið rakið hafa safnbyssur ekki verið til nokkurra vandræða í samfélaginu. Það er því illgerlegt að sjá hvaða ástæða liggur að baki þeirri atlögu sem er gerð að möguleikum safnara til ástundunar síns áhugamáls með því að afnema undanþágu frá banni við innflutningi á slíkum byssum til landsins.

Það er því afdráttarlaus krafa okkar safnara að horfið verði frá þeirri hugmynd að loka alfarið á innflutning safnvopna því margar safnbyssur eru sambærilegar við þær byssur sem áfram verður heimilt að flytja til landsins undir öðrum formerkjum og því um mikla mismunun á milli áhugamála að ræða.

Því ber þó að halda til haga að margt gott er einnig að finna í þessu frumvarpi og sérlega hvað varðveislu skotvopna almennt viðkemur og tímabært var að endurskoða lögín.

Gott er að hafa í huga að hér á landi búum við við eina ströngustu skotvopnalöggjöf sem finnst í kringum okkur og því er það að bera í bakkafullan lækinn að fara að herða hana enn frekar.

Mig langar einnig að minna á það að skotveiðimenn börðust fyrir því árum saman að fá heimildir til að eiga og nota hljóðdeyfa, sem að lokum fékkst leyfi fyrir eftir mikla baráttu. Í dag væri sennilega erfitt ef ekki ógerlegt að finna hreindýra leiðsögumann sem tekur það í mál að þeir sem hann leiðsegir hafi ekki hljóðdeyfa á rifflum sínum. Það er því alveg ljóst að lög sem þessi þurfa að vera í stöðugri endurskoðun og vert er að löggjafinn hafi þarfir og óskir þeirra hópa sem í hlut eiga að leiðarljósi.

Fyrir hönd stjórnar Gunnloga

Björn Ásgeirsson

Garðar Tryggvason

Björn Ásgeirsson

Garðar Tryggvason